



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2007

Kvörtun Innness ehf. yfir auglýsingum og markaðssetningu Osta- og smjörslunnar sf. á Delfí smurosti

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi, dags. 22. nóvember 2006, frá Þórði Þórisssyni markaðsstjóra Innness ehf. þar sem kvartað er yfir auglýsingum og markaðssetningu Osta- og smjörslunnar sf. á Delfí smurosti með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í erindinu segir að Innnes hafi undanfarin ár markaðssett smurostinn Philadelphia við töluverðar vinsældir neytenda og séu þrjár tegundir af þessum osti á markaðnum. Vörumerki Philadelphia smurosts sé í eigu Kraft Foods. Nýlega hafi Osta- og smjörslan hafið markaðssetningu á Delfí smurosti og svipi smurostinum mikið til Philadelphia smurosts. Telur kvartandi að Delfí smurosti sé ætlað að njóta góðs af markaðssetningu Philadelphia smurosts. Umbúðir séu áþekkar og slagorð Delfí smurosts sé „Allir fíla Delfí“. Kvartandi telur að með því sé verið að vísa til Philadelphia þar sem framburður á fíla Delfí og Philadelphia sé sá sami. Þá sé einnig vísað í Philadelphia smurost á heimasíðu Osta- og smjörslunnar sem sambærilegs erlends osts. Að lokum kemur fram að kvartandi telji atvik sambærileg hér og þegar Osta- og smjörslan agnúaðist út í markaðssetningu Mjólku á fetaosti þar sem umbúðir þar hafi átt að vera svipaðar.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2006, sendi Neytendastofa erindið til umsagnar Osta- og smjörslunnar. Svar Magnúsar Ólafssonar forstjóra er dags. 7. desember 2006. Í svarinu er því hafnað að Osta- og smjörslan hafi á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum laga um óréttmæta viðskiptahætti. Mismunandi fituinnahald sé í smurostunum, næringargildi og annað sem taka mætti fram. Margar tegundir ferskosta séu á markaðnum sem innbyrðis séu líkir en hver hafi þó sín sérkenni. Framleiðsla Delfí smurosts brjóti ekki gegn framleiðslurétti neins. Umbúðir



Philadelphia smurosts og Delfí smurosts séu ólíkar. Ráðandi litur í umbúðum Philadelphia sé grár en umbúðir Delfí séu skærir litir á hvítum grunni. Þá séu nöfnin hvorki lík hljóðrænt né sjónrænt, Delfí byrjar á d og endar á í og Philadelphia byrjar á ph og endar á a. Heitið Delfí hafi verið valið á smurostinn vegna þess að það skírskoti til borgar í Grikklandi en Grikkir séu vel þekktir fyrir ferskan ost.

Því sé mótmælt að markaðssetning Delfí smurosts hafi verið andstæð ákvæðum 6. og 7. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Af hálfu félagsins hafi ekki verið veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar um vöruna í auglýsingum eða öðru kynningarefni. Þá geti auglýsingarnar ekki talist ósanngjarnar gagnvart kvartanda né neytendum. Slagorðið „Allir fíla Delfí” sé ekki þess eðlis að talist geti brot á umræddum lagaákvæðum. Markhópur Delfí smurosts sé ekki síst ungt fólk og þarna sé um að ræða slangur sem ungt fólk noti mikið. Félagið telji það ekki brot á umræddum lagaákvæðum að hafa vísað í Philadelphía smurost á heimasíðu sinni sem sambærilegs erlends osts heldur séu það heiðarleg vinnubrögð og til marks um það að ekki sé verið að villa um fyrir neytendum.

Tilvísun kvartanda til mótmæla Osta- og smjörsölunnar við markaðssetningu Mjólku á fetaosti eigi ekki við. Þar hafi verið um að ræða hreina eftirlíkingu á vörumerki og umbúðum af hálfu Mjólku sem úr var bætt eftir að mótmæli voru höfð uppi án frekari aðgerða frá Osta- og smjörsölunni.

Að lokum segir að Osta- og smjörsalan telji kvartanda ekki hafa sýnt fram á að framleiðsla og markaðssetning á Delfí smurosti hafi brotið í bága við góða viðskiptahætti eða að félagið hafi aðhafst nokkuð í þeim efnum sem talist geti óhæfilegt gagnvart kvartanda eða hagsmunum neytenda sbr. 6. og 7. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og því sé ekki tilefni til frekari aðgerða í málinu.

2.

Með bréfi, dags 11. desember 2006, var svar Osta- og smjörsölunnar sent Innnesi til umsagnar. Bréf Innness er dags. 20. desember 2006. Í bréfinu kemur fram að kvartandi telji það tilhæfisláusan fyrirslátt að vísa til fituinnhalds og næringagildis og segja ostana ekkert líka. Augljóst sé þegar Delfí smurosts sé neytt, og áferð og útlit skoðað að vörunum svipi nokkuð til hvor annarrar.

Þá segir að það sé ekki tilviljun að Osta- og smjörsalan skuli koma með Delfí smurost á markaðinn undir þessu nafni eftir að Philadelphia smurostur hafi náð markaðsfestu og notið vinsælda hjá neytendum. Ólíklegt sé að nafn á þorpi í Grikklandi hafi ráðið nafngiftinni, nærtækara sé að með nafngiftinni hafi Osta- og smjörsalan ætlað að nýta sér vinsældir Philadelphia smurosts.



3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. desember, var svar Innness sent Osta- og smjörsölunni til umsagnar. Ekkert svar barst frá Osta- og smjörsölunni innan tilskilins frests. Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 23. febrúar 2007, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að þeim yrði tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar um leið og hún lægi fyrir. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstöður

1.

Í málinu kvartar fyrirtækið Innes ehf. yfir auglýsingum og aðferðum við markaðssetningu Osta- og smjörsölnunnar sf. á Delfí smurosti. Innes hefur flutt inn smurostinn Philadelphia undanfarin ár við ágætar vinsældir neytenda og Osta- og smjörsalan hóf nýlega markaðssetningu á Delfí smurosti. Innes telur þá markaðssetningu ætla að njóta góðs af vinsældum Philadelphia smurosts. Kvörtun Innness lýtur að ummælum á heimasíðu Osta- og smjörsölnunnar þar sem sagt var að sambærilegur erlendur ostur sé Philadelphia smurostur, umbúðum Delfí smurosts sem kvartandi telur líkjast umbúðum Philadelphia smurosts svo og slagorði sem notað er í auglýsingum á Delfí smurosti „Allir fíla Delfí“. Þetta telur Innes brjóta gegn 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Osta- og smjörsalan hafnar því að með markaðssetningunni sé verið að reyna að hagnýta vinsældir Philadelphia smurosts. Nafngiftin á Delfí smurosti sé tilvísun í þorp á Grikklandi þar sem ferskostar séu vinsælir, og með slagorðinu „Allir fíla Delfí“ sé verið að reyna að höfða til ungs fólks. Osta- og smjörsalan telur umbúðir Delfí smurosts og Philadelphia smurosts ekki líkar heldur sé hér um algengar öskjur að ræða og litasamsetning ekki lík.

2.

Í kvörtuninni er vísað til 6. og 7. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Í 6. gr. segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“



Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Þannig er í 6. gr. tekið fram að greinin taki til upplýsinga í hvaða formi sem er enda séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vara. Upplýsingar sem koma fram á heimasíðum fyrirtækja um eiginleika vöru og þjónustu sem fyrirtækið býður falla undir 6. gr. Þannig má ráða að fyrirtæki verða að gæta þess hvaða upplýsingar koma þar fram og að þær séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Innes kvartar yfir því að á heimasíðu Osta- og smjöröslunnar hafi verið vísað til Philadelphia smurosts sem sambærilegs erlends osts við Delfí smurost. Neytendastofa fær ekki séð að slík ummæli teljist ósanngjörn eða villandi hvorki fyrir Innes né neytendur þar sem hér er um að ræða sambærilegar vörur og þar með eru upplýsingarnar hvorki villandi né rangar. Þá telur stofnunin ekki að með þessu sé verið að kasta rýrd á Philadelphia smurost með neinum hætti. Að mati Neytendastofu braut Osta- smjöröslan því ekki á 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti með því að vísa til Philadelphia smurosts sem sambærilegs erlends osts við Delfí smurost á heimasíðu félagsins.

3.

Í erindi Innes er kvartað yfir umbúðum Delfí smurosts sem kvartandi telur líkjast umbúðum Philadelphia smurosts. Umbúðir beggja smurostanna eru samskonar ferhyrndar öskjur með glæru plastloki og álpappírsloki þar undir. Ráðandi litir á umbúðum Philadelphia er grár og vörumerki Philadelphia smurostsins, sem er hvítur sporöskjulaga hringur með bláum ramma og Philadelphia ritað bláum stöfum inn í hringnum, er á tveim hliðum öskjunnar og álpappírsloki. Ráðandi litur Delfí smurosts er blár litur á hvítum grunni. Á álpappírsloki og hliðum öskjunnar stendur Delfí í skærum lit með breiðum stöfum á hvítum grunni. Þegar umbúðir smurostanna eru virtar heildstætt er það mat Neytendastofu að ekki sé svo mikil samlíking með þeim þó öskjurnar séu samskonar í laginu að það valdi ruglingshættu eða varði við ákvæði laga um óréttmæta viðskiptahætti.

4.

Í 7. gr. laganna er fjallað um samanburðarauglýsingar. Hugtakið samanburðarauglýsingar er skilgreint vítt og til þeirra teljast allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru og þjónustu sem keppinautur býður. Af gögnum málsin má ráða að Innes og Osta- og smjöröslan eru keppinautar enda bjóða fyrirtækin að einhverju leiti upp á sambærilegar vörur. Samanburðarauglýsingar eru heimilar að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í a - h lið 2. mgr. 7. gr.



Í auglýsingum á Delfí smurosti er notað slagorðið „Allir fíla Delfí“ og er fíla Delfí borið fram á sama hátt og Philadelphia að a-inu undanskildu. Osta-og smjörösalan er að sögn að vísa til Gríska þorpsins Delfí með nafngiftinni á smurostinum og reyna að höfða til ungra neytenda með því að nota orðið fíla í slagorðinu. Neytendastofa telur að þar sem um samskonar vörur sé að ræða og vegna hljómlíkingar á slagorðinu við heiti Philadelphia smurost sé verið að vísa beint til vöru keppnautarins í auglýsingunum. Verður því að líta til þess hvort auglýsingarnar uppfylli skilyrði 2. mgr. 7. gr. Kvartandi vísar í d - , g - , og h - liði 2. mgr. 7. gr., en þar segir m.a.:

„d. „á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,

...

g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,

h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti,“

Smurosturinn Philadelphia hafði verið á markaðnum í einhvern tíma áður en Osta- og smjörösalan hóf markaðssetningu á Delfí smurosti. Neytendur kannast við vörumerkið Philadelphia og þar sem mikil hljómlíking er á milli fíla Delfí og Philadelphia má leiða líkur að því að þegar slagorðið „Allir fíla Delfí“ er notað í auglýsingum á Delfí smurosti valdi slíkt ruglingi. Neytendur gætu talið að Philadelphia hafi fengið nýjar umbúðir eða neytendur geri sér ekki grein fyrir því hvorn smurostinn sé verið að vísa til í auglýsingunum. Neytendastofa telur að með því að velja Delfí smurosti slagorð með tilvísun til Philadelphia smurosts sé Osta- og smjörösalan að hagnýta sér þann kunnugleika sem neytendur hafa nú þegar við Philadelphia smurost. Að mati Neytendastofu hefur Osta- og smjörösalan því brotið gegn d – og g - lið 2. mgr. laga um óréttmæta viðskiptahætti með notkun á slagorðin „Allir fíla Delfí,“ í auglýsingum á Delfí smurosti þar sem þegar var á markaðnum sambærilegur smurostur sem heitir Philadelphia. Neytendastofa telur auglýsingarnar ekki fara gegn h - lið 2. mgr. 7. gr. þar sem slagorðið felur ekki í sér að verið sé að kynna Delfí smurost sem eftirlíkingu eða eftirgerð af Philadelphia smurosti.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Osta- og smjörösalan sf. Bitruhálsi 2, 110 Reykjavík, hefur með því að nota slagorðið „Allir fíla Delfí“ í auglýsingum sínum á Delfí smurosti brotið gegn d -



og g - liðum 2. mgr. 7. gr. 1. nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. 1. nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins bannar Neytendastofa Osta- og smjöröslunni sf. notkun slagorðsins „Allir fíla Delfí“ í auglýsingum á Delfí smurosti.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt. “

Neytendastofa, 14. júní 2007